12. september 2022

# Frumvarp til fjárlaga 2023

**Stjórnarráð Íslands**
Fjármála- og efnahagsráðuneytið

# Fjárlögin í hnotskurn

**Styrkur ríkissjóðs endurheimtur**

Halli minnkar áfram og skuldahlutfall hættir að hækka

**Verðbólga lækkuð**

Ríkisfjármálum beitt markvisst gegn þenslu og verðbólgu

**Vörður staðinn um heimilin**

Viðkvæmir hópar varðir fyrir áhrifum verðbólgunnar

**Áframhaldandi lífskjarasókn**

Áfram byggt undir verðmætasköpun með fjárfestingum og traustri hagstjórn

# Kraftmikil uppsveifla

Efnahagshorfur eru enn bjartar þrátt fyrir áskoranir á alþjóðasviðinu – og miklu bjartari en var óttast við upphaf heimsfaraldursins.

**Verg landsframleiðsla**
Milljarðar króna




Heimild: Hagstofa Íslands, bráðabirgðatölur þjóðhagsreikninga (2020-2021) og þjóðhagsspá (2022-2023). Á verðlagi 2022. Leiðrétt fyrir endurskoðun þjóðhagsreikninga frá október 2020.

# Atvinnuleysi í lágmarki

Vegna kraftmikillar fjölgunar starfa er atvinnuleysi nú lágt í sögulegu samhengi.



**13.000**
**störf skapast á einu ári**




Heimild: Hagstofa Íslands, Vinnumálastofnun. Árstíðaleiðrétt atvinnuleysi.

# Kaupmáttur aldrei meiri

## Tekjur á mann hafa aukist um 60 þúsund krónur á mánuði umfram verðbólgu frá 2016.

**Ráðstöfunartekjur**
Tekjuaukning umfram verðbólgu frá 2016




**60**
**þúsund króna kaupmáttaraukning frá 2016**

Heimild: Hagstofa Íslands. Ráðstöfunartekjur samkvæmt tekjuskiptingaruppgjöri þjóðhagsreikninga á hvern íbúa. Fjögurra ársfjórðunga hlaupandi meðaltal.

# Eigið fé í húsnæði aukist mikið

## Hækkun íbúðaverðs hefur styrkt eignastöðu heimilanna svo um munar.




Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Seðlabanki Íslands. Ágúst 2022 er áætlun miðað við þróun íbúðaverðs og útistandandi íbúðalána.

# Brugðist við áhrifum hækkandi húsnæðisverðs

Haldið áfram að auðvelda fyrstu kaup og auka aðgengi að húsnæði á viðráðanlegu verði.

**Aukinn skattfrjáls húsnæðissparnaður fyrir fyrstu kaupendur**

- Heimilt að ráðstafa tilgreindri séreign til fyrstu kaupa frá 1. janúar 2023.
- Heimildin gagnast þeim tekjulægstu mest.
- Þeim sem ekki hafa átt íbúð í fimm ár einnig gert kleift að nýta úrræði fyrir fyrstu kaupendur.

**Fleiri aðgerðir á húsnæðismarkaði í farvatninu**

- Starfshópur um endurskoðun húsnæðisstuðnings er nú að störfum.
- Tillagna um frekari aðgerðir að vænta á haustmánuðum.

# Aðgerðir á húsnæðismarkaði skila árangri

Ábyrg hagstjórn og stuðningur við uppbyggingu íbúða stuðla nú að stöðugleika.

**Fjöldi íbúða til sölu 2021-2022**




**3.100**
**ódýrar leiguíbúðir með stofnframlögum ríkisins frá 2016**

Heimild: Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

# Staða heimila aldrei sterkari

## Árið 2021 var fjárhagsstaða heimila sú sterkasta frá upphafi mælinga.







Heimild: Lifskjararannsókn Hagstofu Íslands.

# Mikill hagvöxtur í alþjóðlegum samanburði

## Ísland í mun sterkari stöðu en mörg nágrannalönd.

**Hagvöxtur árið 2022**




Heimild: Spá OECD (júní 2022), spá Seðlabanka Íslands (ágúst 2022), þjóðhagsspá Hagstofu Íslands.

# Hagvöxtur nær jafnvægi eftir uppsveiflu

Gert er ráð fyrir 2,7% hagvexti árið 2023 í kjölfar um 10% vaxtar 2021-2022.




**Mun betri hagvaxtar-horfur en í flestum samanburðarríkjum**

Heimild: Hagstofa Íslands (rauntölur og þjóðhagsspá).

# Verðbólga hækkað á heimsvísu

Há verðbólga er áhyggjuefni – en samkvæmt samræmdri vísitölu er verðbólga á Íslandi sú næstlægsta meðal Evrópuríkja.




Heimild: Eurostat.

# Verðbólga talin hafa náð hámarki

Talið að verðbólga muni lækka á næstu mánuðum og enn frekar árið 2023.




Heimild: Hagstofa Íslands, Íslandsbanki, Landsbankinn. Spár bankanna eftir birtingu verðbólgu í ágúst.

# Tvíþættar aðgerðir gegn verðbólgu

Strax í vor var ráðist í aðgerðir til að verja viðkvæma hópa og vinna gegn verðbólgu. Í frumvarpi til fjárlaga er haldið áfram á þeirri braut.

## Verja afkomu

**Maí** – Dregið úr áhrifum verðbólgu á viðkvæma hópa:

- Bætur almannatrygginga hækkaðar um 3% umfram reglubundna hækkun.
- Húsnæðisbætur hækkaðar um 10%.
- Sérstakur barnabótaauki.

## Lækka verðbólgu

**Júní** – Ákveðið að minnka halla ríkissjóðs hraðar en áður hafði verið stefnt að:

- Minnkar þenslu og verðbólgu.
- Minni þörf fyrir hækkun vaxta.
- Umfang: 30 ma. kr.

## Frumvarp til fjárlaga 2023

**Áfram staðinn vörður um viðkvæma hópa og unnið gegn verðbólgu með því að bæta afkomu ríkissjóðs.**

# Afkoma tekjulágra varin

Hækkanir almannatrygginga og viðmiða tekjuskatts verja viðkvæma hópa.

- Stuðningur við barnafjölskyldur óvíða meiri en á Íslandi
- Frumvarp um frekari styrkingu barnabótakerfisins haustið 2022

**Ráðstöfunartekjur örorkulífeyrisþega sem býr einn**

**9%**

**hækkun milli 2022 og 2023***

Hækkun greiðslna almannatrygginga og á viðmiðum tekjuskatts geta aukið ráðstöfunartekjur örorkulífeyrisþega um 9%.**

**335**

**þús. kr. á ársgrundvelli***

Ráðstöfunartekjur örorkulífeyrisþega verða 335 þúsund krónum hærri árið 2023 en gert var ráð fyrir 2022.**

*Milli upphafs hvors árs. **Miðað við forsendur fjárlaga 2022, þ.e. að frátöldum áhrifum sérstakrar 3% hækkunar almannatrygginga í júní á ráðstöfunartekjur ársins 2022.
Forsendur: Örorkulífeyrisþegi sem er einn í heimili. Til einföldunar er ekki gert ráð fyrir neinum öðrum tekjum en greiðslum Tryggingastofnunar.

# Tekjur ríkissjóðs aukast umfram áætlanir

Tekjur árið 2022 nú áætlaðar 80 milljörðum meiri en við gerð fjárlaga fyrir ári síðan.

**Breyting á tekjuáætlun 2022**
Milljarðar króna



# Afkoma ríkissjóðs batnar verulega

Halli ríkissjóðs áætlaður 89 ma. kr. 2023 – minnkar um 100 ma. kr. frá áætlun fjárlaga 2022.

**Afkomubati ríkissjóðs á milli 2022 og 2023**
Milljarðar króna



# Skuldir mun minni en búist var við

Skuldahlutfall ríkissjóðs lækkar lítillega á næsta ári.



# Söluandvirði Íslandsbanka hingað til stendur undir allri fjárfestingu í fjárlögum 2023

**108 ma.kr.**

**100 ma.kr.**



Nýr Landspítali – 13,4 ma.kr.



Hjúkrunarheimili – 5,7 ma.kr.



Samgöngumannvirki – 28,9 ma.kr.

Stafrænt Ísland – 1,5 ma.kr.

# Í hvað fara skattarnir?

**Útgjöld ríkissjóðs á íbúa 2023**
Krónur



# Nýr Landspítali rís nú hratt

## Á árunum 2015 til 2022 voru settir 25 ma.kr. í nýja spítalann



13,4 ma.kr. á árinu 2023



# Öflugum stuðningi við nýsköpun viðhaldið

## Útflutningsverðmæti tækni- og hugverkaiðnaðar jókst um 40% á fimm árum

**Framlög til nýsköpunar, þróunar og þekkingargreina**
Milljarðar kr.




**Útflutningsverðmæti tækni- og hugverkaiðnaðar**
Milljarðar kr.




Heimild: Hagstofa Íslands.

# Stafræn þjónusta einfaldar líf fólks

## Ísland í 4. sæti meðal Evrópuþjóða í stafrænni þjónustu*

**Höldum áfram kraftmikilli fjárfestingu í stafrænum lausnum til að bæta þjónustu, auka skilvirkni opinberra stofnana og minnka kolefnisfótspor**

- **Stafræn umsókn um vegabréf** ásamt gildistíma og vegabréfsnúmeri í appi
- **Fjöldi nýrra skírteina** bætist við Ísland.is appið og mínar síður ásamt snjöllum tilkynningum
- **25 vefir stofnana** sameinaðir á Ísland.is með bættu aðgengi fyrir notendur og sparnaði í rekstri
- **Stafrænt umboðskerfi** fyrir þá hópa sem eiga erfiðara með að nýta sér tæknilegar lausnir sjálf




*Skv. E-Government Benchmark samanburðarrannsókn 27 Evrópulanda, ágúst 2022

# Innviðir og grunnþjónusta áfram styrkt

Nokkur dæmi um aukin framlög til verkefna og þjónustu:

- 4,4 ma.kr í framlengingu á endurgreiðslum vegna rannsókna og þróunar
- 1.500 m.kr í tengivegi
- 1.200 m.kr. í rekstur nýrra hjúkrunarrýma
- 1.000 m.kr. til að vinna gegn langtímaáhrifum kórónuveirufaraldursins
- 800 m.kr. í lækkun á greiðsluþátttöku sjúklinga
- 2.000 m.kr. vegna fjölgunar umsækjenda um alþjóðlega vernd
- 1.000 m.kr. í hækkun húsnæðisbóta
- 500 m.kr. í geðheilbrigðismál
- 500 m.kr. Í varnar- og netöryggismál
- 430 m.kr. í vinnumarkaðsúrræði vegna starfsendurhæfingar og skertrar starfsgetu
- 350 m.kr. viðbótarframlag í Loftbrú
- Menntastefna (200 m.kr.) – Máltækni (200 m.kr.) – Tónlistarmiðstöð (150 m.kr.)

# Meira jafnvægi í gjaldtöku ökutækja

## Fyrsta skrefið tekið í að endurskoða gjaldtöku af ökutækjum og umferð í kjölfar mikillar lækkunar tekna á undanförnum árum.

**Vörugjald á hvern nýskráðan fólksbíl**
Þúsund krónur




**Bifreiðagjald á hvern bíl í umferð**
Þúsund krónur




**Allar bifreiðar leggi af mörkum til vegakerfisins**

Á verðlagi ársins 2023.
Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneyti, Samgöngustofa og Skatturinn

# Rafmagnsbílar áfram skattlagðir mun minna en hefðbundnir bílar

**3 af hverjum 4 nýjum heimilisbílum voru rafmagns- eða tengiltvinnbílar á fyrstu átta mánuðum ársins**

**Dæmi um árleg bifreiða- og eldsneytisgjöld fólksbíla**
Áætluð dæmi fyrir Tesla (Model 3) og Mazda (CX-5)




**Dæmi um vörugjald og VSK við kaup nýrra fólksbíla**
Áætluð dæmi fyrir Tesla (Model 3) og Mazda (CX-5)



# Tækifæri í einfaldara ríkiskerfi

## Hópur að störfum við einföldun á stofnanakerfi ríkisins



- Markmiðið er betri, hagkvæmari og sveigjanlegri þjónusta
- Unnið í samræmi við úttekt Ríkisendurskoðunar frá áramótum 2021/2022
- Mikill árangur náðst við sameiningar hjá Skattinum, Seðlabankanum, sýslumönnum, HMS o.fl.
- Tækifæri í framhaldi á sömu vegferð, með ábata fyrir almenning, stofnanirnar sjálfar og ríkissjóð

**163**
ríkisstofnanir

**61**
sjálfstæð stjórnsýslunefnd

**6.500**
starfsmenn hjá stærstu ríkisstofnuninni

**2**
starfsmenn hjá minnstu ríkisstofnuninni

**Stjórnarráð Íslands**
Fjármála- og efnahagsráðuneytið